

IV. KAFLI

Málskot.

13. gr.

Málskot.

Ágreiningi um rétt til beingreiðslna er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar samkvæmt 49. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

*Atli Már Ingólfsson.***AUGLÝSING**

um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Suður-Kóreu, Malasíu, Víetnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Inflúensu í Kína, Tælandi, S-Kóreu, Malasíu, Víetnam, Japan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Inflúensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum ali-fugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 15. desember og gildir til 31. mars 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.